

# DRAUMAR UM ÆGIFEGURÐ Í ÍSLENSKRI SAMTÍMALIST

DREAMS OF THE SUBLIME AND NOWHERE IN CONTEMPORARY ICELANDIC ART



# **DRAUMAR UM ÆGIFEGURÐ Í ÍSLENSKRI SAMTÍMALIST**

**DREAMS OF THE SUBLIME AND NOWHERE IN CONTEMPORARY ICELANDIC ART**

Listasafn Reykjavíkur / Reykjavik Art Museum

**Draumar um ægifegurð í íslenskrí samtímalist**  
**Dreams of the sublime and nowhere in contemporary Icelandic art**

Eftirtaldir styrktu sýninguna og útgáfu bókarinnar:  
Landsbankinn  
Menntamálaráðuneytið  
Ícelandair  
Icecargo

Draumar um ægifegurð í íslenskrí samtímalist  
Dreams of the sublime and nowhere in contemporary Icelandic art  
Í tilefni sýningarinnar á Kjarvalsstöðum 18. maí – 31. ágúst 2008

© Texti/Text: Halþór Yngvason, Æsa Sigurjónsdóttir, Emily Brady, Sigríður Þorgeirsdóttir  
© Myndir/Photographs: Handhafar höfundaréttar/Copyrightholders

Á bókarkápu/Cover: Ragnar Kjartansson, *Samviskubít/Guilt Trip*, 2007


Ritstjórn/Editor: Æsa Sigurjónsdóttir  
Þýðingar/Translations: Egill Arnarson, Magna J. Matthíasdóttir  
Umbrot og hönnun/Layout and design: Sigrún Sigvaldadóttir  
Prentun og bókband/Printed by: Prentmet  
Útgefandi/Published by: Listasafn Reykjavíkur/Reykjavik Art Museum 2008

Printed in Iceland

ISBN 9979-769-35-1

Öll réttindi áskilin


Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild án skriflegs leyfi höfunda og útgefanda.



## efni/contents

Hafþór Yngvason	
<i>Inngangur/Preface</i>	6
Æsa Sigurjónsdóttir	
<i>Draumar um ægilegurð í íslenskri samtímalist/</i>	11
<i>Dreams of the sublime in contemporary Icelandic art</i>	25
Emily Brady	
<i>Hið háleita og fagurfræði samtímans/</i>	37
<i>The sublime and contemporary aesthetics</i>	49
Sigríður Þorgeirsdóttir	
<i>Heild, framandleiki og neind í upplifunum af náttúrunni/</i>	61
<i>Wholeness, otherness and nothingness in experiences of nature</i>	73
Um listamennina/On the artists	87
Listi yfir ljósmyndir og verk/List of works and photocredits	94





## Inngangur

Á 19. og snemma á 20. öld töluðu íslensk skáld með lotningu um ægifegurð föðurlandsins, tign jöklanna og volduga fossa. Einar Benediktsson lofaði gríðarlegan mátt Dettifoss, sem er sagður öflugasti foss í Evrópu, og orti um „móðutröllsins flóð“ og „vatnsins jötun, frjálsan með breiðan barm“. Íslensk náttúra hefur ekki breyst mikið á liðinni öld en þessar líkingar virðast langsóttar í dag. Fjöllin, jöklarnir og fossarnir eru enn tilkomumikil. Óbyggðirnar eru háskalegar og ógnvekjandi – þar er náttúran *ægifögur* (*sublime*) í þeim skilningi sem Edmund Burke lagði í orðið. Samt er allt breytt. Tækniframfarir hafa gert mögulegt að fjötra „vatnsins jötun“ og virkja krafta hans til framleiðslu. Jöklarnir hopa, hnatthitun nær til allra staða á jarðríki, sama hve afskekktir þeir kunna að vera. Eins og rithöfundurinn Bill McKibban sagði höfum við ekki bara mengað umhverfi okkar, við höfum breytt sjálfu inntaki *Náttúrunnar* – við höfum svipt hana sjálfstæðinu: „Við höfum breytt grundvallarnáttúrulegumálunum í kringum okkur. Við höfum breytt andrúmsloftinu og við það breytist veðrið. Hitastig og úrkoma er ekki lengur algjörlega af völdum ótemjanlegs náttúruafis heldur að hluta til afurð siðvenja okkar, efnahagskerfa og lífshátta.“

Innan þessa veruleika vinna íslenskir listamenn samtímans. Þegar auðn og ægifegurð íslenskrar náttúru koma fram í verkum þeirra er það ávallt í ljósi breyttra aðstæðna. Þeir endurmeta stöðu sína gagnvart náttúrunni og spyrja hvernig hún geti verið *ægifögur* ef hún hefur glatað framandleika sínum. Á þessari sýningu stefnir *Æsa* Sigurjónsdóttir listfræðingur saman verkum margra þeirra svo áhorfandinn geti kannað þau í fjölbreytileika sínum. Hún hefur safnað saman listamönnum af mörgum kynslóðum. Þar á meðal eru nokkrir af þekktustu ungu listamönnum sem nú starfa á Íslandi. *Æsa* er einnig ritstjóri þessa rits og ég vil nota tækifærið og þakka henni fyrir margþætt verk hennar. Þetta er fyrsta sýningin sem kannar stöðu *ægifegurðar* í íslenski samtímalist.

Listasafn Reykjavíkur kom sýningunni á laggirnar með góðum stuðningi menntamálaráðuneytisins og Landsbankans. Hún var fyrst haldin í Bozarlistamiðstöðinni í Brussel sem hluti af íslenski menningarhátíð – sem hét *On the Edge* – frá febrúar til apríl 2008 og síðan á Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum, frá 18. maí til 31. ágúst í tengslum við Listahátíð Reykjavíkur 2008.

**Halþór Yngvason**

safnstjóri Listasafns Reykjavíkur

## Preface

The Icelandic poets of the 19<sup>th</sup> and early 20<sup>th</sup> century spoke with veneration of the sublimity of their country, of its massive glaciers and mighty waterfalls. In 1905, the poet Einar Benediktsson praised the enormous power of Dettifoss – allegedly the most powerful waterfall in Europe – calling it a “hefty troll” and “the river giant’s flood.” Icelandic nature has not changed much over the last century, but these metaphors seem misplaced today. The mountain ranges, glaciers and waterfalls are still overwhelming. The wilderness remains dangerous and terrifying – it is a *sublime* nature in the sense that Edmund Burke understood the term. Yet everything has changed. Technical advancement has made the potential of damming “the river giant’s flood” an ever-present threat. And the mighty glaciers are melting. No part of the earth, no matter how remote, is outside the range of global warming. As the naturalist Bill McKibban has argued, we have not only polluted our environment, we have changed the very meaning of *Nature* – we have deprived it of its independence: “We have changed the most basic forces around us. We have changed the atmosphere, and that is changing the weather. The temperature and the rainfall are no longer entirely the work of some uncivilizable force but instead are in part a product of our habits, our economies, our ways of life.”


This is the reality that contemporary Icelandic artists work within. As they respond to the sublime and the nowhere of the wilderness, they must grapple with the changes. They must ask themselves how nature can be *sublime* if it has lost its *Otherness*. They must try to rethink their place in nature. In this exhibition, curator Æsa Sigurjónsdóttir brings together many of these responses so the viewer can explore them in all their complexity. She has gathered artists of different generations and included several of the most prominent younger artists working in Iceland today. Æsa Sigurjónsdóttir is also the editor of this book, and I would like to take this opportunity to thank her for her nuanced work. This is the first exhibition that explores the place of the *sublime* in Icelandic visual arts.

The exhibition was produced by the Reykjavík Art Museum with generous support from the Icelandic Ministry of Education, Science and Culture. It was first presented at Bozar, the Centre for Fine Arts in Brussels as part of an Icelandic festival – called *On the Edge* – from February through April 2008 and then at the Reykjavík Art Museum – Kjarvalsstaðir from May 18 through August 31, as part of the Reykjavík Art Festival 2008.

**Hafþór Yngvason**

Director of the Reykjavík Art Museum





Olga Bergmann, *Panorama*, 2001





## Draumar um ægifegurð í íslenskri samtímalist

Það hefur lengi þótt spennandi að ferðast norður á bóginn, og norðrið, og þá ekki síst Ísland, hefur í gegnum aldirnar verið *terra incognita* í augum umheimsins, staður utan alfaraleiðar þar sem „allt getur gerst“. Það eru hinar jarðfræðilegu hræringar af völdum eldsumbrota og hreyfingar jöklanna sem vekja óttakennda lotningu, háleitar tilfinningar í huga flestra Evrópubúa. Snæfellsjökull, í senn eldfjall og jökull, þar sem sögupersónur rithöfundarins Jules Verne hófu ferðina miklu að miðju jarðar, hefur lengi verið táknmynd leyndardóma, en eldfjallið Hekla er aftur á móti sjálft hlíð helvítis.

Það sem helst einkennir þessar háleitu tilfinningar er að þær kalla í senn fram unað og sársauka. Íslenskt landslag kallast ekki síst á við hið „dýnamískt háleita“ í framsetningu Kants, þar sem hrikalegt afl og ógn náttúrunnar vekur upp vitund um hina sérstöku hæfileika okkar sem verur gæddar síðvitund, nánar tiltekið frelsi og mátt rökhyggju, eins og Emily Brady rekur í grein sinni um *Hið háleita og fagurfræði samtímans*.

Öræfin, jöklar, fjallstindar og óbeisluð vatnsföll eru fyrirtaks dæmi sígildra hugmynda um ægifegurð, eins og sjá má í svarthvítum ljósmyndum Vigfúsar Sigurgeirssonar, og heimspekingurinn Edmund Burke (1729–1797) lýsir svo í frægri grein sinni, *A Philosophical Inquiry into the Origin of Our Ideas of the Sublime and Beautiful* (1757): „Allt það sem vekur hugmynd um sársauka og hættu, það er að segja allt sem á einhvern hátt er ógnvænlegt eða fjallar um ógnvænlega hluti eða virkar hliðstætt ógn, er uppspretta *hins háleita*; það er að segja kallar fram sterkustu kenndir sem hugurinn á til.“<sup>1</sup>

Norðrið táknar einnig óspillta náttúru, víðáttu og örur breytingar lita og birtu. Öflug og áhrifamikil návist óspillts lands vekur sterka meðvitund um þann framandleika náttúrunnar sem hefur hvatt marga listamenn til dáða og verið þeim innblástur, eins og Sigríður Þorgeirsdóttir ræðir annars staðar í þessari bók. Menningarsögulega séð er fyrir því löng hefð að öræfin séu staður myrkurs og dauða, auðn við útjaðar mannlegs samfélags þar sem *hinir* hafast við.

„Landslagið er gríðarlega áhrifamikið og það er ein veigamesta ástæðan fyrir því að ég er hér,“<sup>2</sup> segir bandaríski listamaðurinn Roni Horn sem hefur notað Ísland sem viðfangsefni, „opna vinnustofu af ótakmörkuðu umfangi og nýstárleika“ og stað til að „öðlast reynslu“.<sup>3</sup> Ísland er ein helsta uppspretta *hvergis* í heiminum, segir Horn og samkvæmt orðum hennar felst í *hvergi* ein sjaldgæfasta, viðkvæmasta og dásamlegasta reynsla sem hægt er að upplifa. Hið huglæga *hvergi* er, eins og hún hefur bent á, dýrmæt auðlind í útrýmingarhættu.<sup>4</sup>

Hins vegar er sú rómantíska leit að samruna við náttúruna sem einkennir fjölmörg af þeim persónulegum verkum sem Roni Horn hefur skapað út frá

Æsa Sigurjónsdóttir

listfræðingur og sýningarstjóri

reynslu sinni á Íslandi alls óskyld vangaveltum flestra Íslenskra listamanna. Fingeró túlkun hennar er fjarri hástemmdri og kraftmikilli sköpunargleði þeirra ungu listamanna sem setja ákveðinn fyrirvara við upplifun sína af hinu óspillta fjöðurlandi. Samband þeirra við landið sem heimili, stað á jörðinni og hluta sjálfsmýndar sinnar er flókið, og erfitt fyrir útlending að skilja, ekki síst af því að það byggist á margbrotnum menningarlegum texta- og myndvísunum og jafnframt felast í því viðbrögð við nýrri stöðu Íslands í hnattrænu samhengi umhverfis- og stjórnmála.

Íslenskir samtímalistamenn hafa í síauknum mæli fengist við náttúruna sem uppsprettu, hráefni, stað, ferli – viðfangsefni til að miðla en ekki til að líkja eftir. Deilurnar um nýja virkjun og uppistöðulón á hálendi Íslands, Kárahnjúkavirkjun norðaustan Vatnajökuls, sköpuðu meðal almennings vitund um annars konar vídd í íslenskri náttúru. Þá vídd mætti kalla *Hvergi* eða bara *Eitthvað annað*.<sup>5</sup> Umræðan sem fylgdi í kjölfarið varð kveikja að ögrandi verkum sem opnuðu Íslenskan listaheim og gerðu hann pólitískari en nokkru sinni fyrr. Íslenskir listamenn þurftu að svara alþjóðlegum spurningum um hvað það þýðir að tilheyra ákveðnum stað, hvað það merkir í stærra samhengi að vera búsettur á Íslandi. Þetta kemur fram í vídeóverkinu *Dynasty* (2007), kaldhæðnu ævintýri Gjörningaklúbbsins þar sem þrjár hefðarkonur njóta þeirra forréttinda að dvelja um stund á „síðustu snævi þöktu fjallstindum jarðar“.<sup>6</sup>

Í ljósmyndum sínum af *Aðfluttu landslagi* lætur Pétur Thomsen áhorfandann standa augliti til auglitis við fegurð eyðileggingarinnar. Hann hefur skráð á kerfisbundinn hátt þær umbreytingar sem virkjunarframkvæmdirnar ollu á landslagi, þegar ósnortið yfirborðið var „skrapað af,“ og segist með því vilja benda á ægifegurðina eins og Kant skilgreindi hana. Með því að sýna stórfellt inngrip í landið frá nánast hlutlægum, allt að því sagnfræðilegum sjónarhóli, varpar hann fram spurningum um gildi náttúrunnar og hvernig meta eigi vatn og land. Í nýlegu viðtali segist Pétur afdráttarlaust vera pólitískur í nálgun sinni. „Mér finnst að myndir eigi að hafa einhvern tilgang annan en að vera bara til skrauts. Tilgangurinn með ljósmynduninni er að takast á við eitthvað, fjalla um eitthvað sem skiptir máli.“ Hann vill takast á við málefni samtímans og reynir með því að hafa áhrif á áhorfandann, fá hann til að bera upp gagnrýnar spurningar um eigin heim.<sup>7</sup>

Ljósmyndir Péturs Thomsens af umbreytingu náttúrunnar við iðnvæðingu eru því ekki hugsaðar sem myndir af vettvangi glæps heldur tvíeggjuð skráning og upphafning landslags í stórfenglegustu og uggvænlegustu mynd sinni. Með því að vísa til heimspekilegrar túlkunar á ægifegurð og beina augum að hálendi Íslands í því sambandi leggur hann sitt af mörkum til nýlegra hugmynda um ægifegurð í samhengi umhverfis og fagurfræði. Hann fetar þar í fótspor ýmissa gagnrýninnna erlendra samtímaljósmyndara sem bera þess vitni að um víða veröld stöndum við frammi fyrir nýrri fagurfræði sem byggist á kennileitum hnattræns efnahagskerfis, jafnvel uppi á svokölluðum ósnortnum öræfum Íslands.

## Framlenging (á auga) mannsins

Síðastliðinn áratug hefur Ólafur Elíasson miðlað hugleiðingum sínum um samband líkamans við efnisheiminn í fjölda innsetninga og ljósmyndaraða. Hann leggur út frá hugtaki fyrirbærafræðinnar um *reynsluna*, sjónarhorni þess sem sér, og tengir þar verk sín við heimspeki Merleau-Pontys um samband líkamans við reynsluheiminn. Ólafur vill fá áhorfandann til að staldra við og meta þá upplifun sem sjónin og skynjunin er í tilvist hvers manns.

Í *Jöklaseríunni* (1999) beitir Ólafur hlutlausu „vísindalegu“ sjónarhorni sem næst með tæknilegri framlengingu á auga mannsins til að miðla sjónrænum og vísindalegum fjarlægðum. Skilin á milli listar og vísinda eru af ásettu ráði gerð óskýr og fagurfræðileg umgjörð landslagsins afmáð, samkvæmt þeirri sannfæringu að einungis með aðstoð tækninnar getum við trúað á tilvist staða, eða eins og Ólafur hafi verið að minna okkur á að þekking á náttúrunni fáist í meginatriðum aðeins með menntum vísindanna.

Annað dæmi um kortfræðilega rannsókn hans á náttúrunni þar sem áhersla er lögð á takmörk mannlegrar skynjunar má sjá í loftmyndunum af *Jöklu* (2004). Þar afhjúpar Ólafur árfarveginn sem einfalt sýndarlag, viðkvæmt yfirborð sem hægt er að rífa burt eins og hvert annað skæni.

Í nýjasta verki sínu, *Jökulsvelgjaseríunni* (2007), heldur Ólafur áfram vangaveltum sínum um hrátt eðli heimsins. Enn á ný framlengir hann skynjun mannlíkamans með tæknilegum útbúnaði en beinir linsum í þetta sinn að náttúruyrirbæri sem mannsaugað fær ekki greint, rétt eins og vísindamaður með smásjá. „Maður sér aldrei til botns,“ segir Ólafur, „heyrir bara drunurnar í vatninu þar sem það fossar niður og mætir öðrum vatnsfarvegum.“ Hann bendir á að vatnið sem rennur í gegnum svelgina sé ævafornt – „Maður er bókstaflega að horfa á nið árpúsundanna.“<sup>8</sup>

Með fullyrðingu sinni er Ólafur að greiða ákvedna þakarskuld við þá kynslóð Íslenskra listamanna sem hefur lengi unnið með hugmyndir um tímann. Hreinn Friðfinnsson og Kristján Guðmundsson, lykilmenn í konsept-hreyfingunni, komu íslenskri samtímalist á kortið. Þeir voru hugfangnir af vísindalegum mælieiningum og sýndu og miðluðu altækum hugtökum á borð við fjarlægð, tíma og rúm, á þurrlegan, mínimalískan hátt sem opnaði komandi kynslóðum nýstárlegar leiðir til listsköpunar. „Tími eða hugmyndir um tíma eru ævinlega heillandi. Ég les það sem rekur á fjörur mínar um eðlisfræði og stærðfræði en ég les það sem leikmaður ... Áhugi minn á eðli tímans er einlægur en hvernig ég glími við hann er ekki byggt á þekkingu; það er fremur könnun sem byggist á tilfinningum,“<sup>9</sup> sagði Hreinn í viðtali nýlega og lýsti því hvernig hann brýtur tímaeiningar niður að núllgráðu, eins og sjá má í verki hans *Fyrir ljós, skugga og ryk*. Þannig er list hans hvöss og gagnsæ eins og glerbrot, sársaukafull eins og beitt egg og háleit í nærveru sinni.

Könnun fyrirbæra einkennir einnig verk Kristjáns Guðmundssonar. Málverk hans *Eðlisþyngd jarðar* afhjúpar ástríðu hans til að efnisgera fjarlægðir og vísindalegar mælingar. „Ég sá í vasabók að eðlisþyngi jarðarinnar er 5,52 og hugsaði vá! Gaman væri að mála mynd sem hefði þessa sömu

eðlisþyngd því þá væri ég búinn að mála öll lönd og höf í einni mynd – allt heila klabbíð í gegn. Svo gerði ég þetta eftir bestu getu ef svo mætti segja.<sup>10</sup> *Once around the sun* (1975–76) er bók í tveimur bindum sem hefur að geyma jafnmarga punkta og sekúndurnar sem það tekur jörðina að fara einn hring á braut sinni umhverfis sólu.<sup>11</sup> Í báðum tilvikum fæst hann við að myndgera óendanleikann, tímann og vegalengdir hinna ótakmörkuðu fjarlægða.

Kristján hefur áhuga á eðli og náttúru hlutanna en hefur engan áhuga á stöðum í náttúrunni eða á náttúrunni sjálfri sem slíkri. Hann einbeitir sér að víddinni þar sem allar tilfinningar hafa verið fjarlægðar. Þótt tilfinningalega tjáningu sé yfirleitt ekki að finna í verkum hans þá skapar tilfinningaleysið, sem virðist blátt áfram og eilítið kaldhæðid, þveröfug áhrif, því það flytur áhorfandann inn í ómælisvíddir alheimsins, tímann sem líður, og vekur því upp spurningar um líf og dauða.

Nútíma *Memento mori*, eða áminning um dauðann, stórvirkið *Blá færsla* (1988), er gott dæmi um kaldhæðnislega afstöðu Kristjáns til andlegra hugleiðinga og áhuga hans á hlutunum sjálfum, hráefnum eins og pappír og bleki og aðgerðum eins og teikningu. Virkið er samsett úr fimm rúllum af hvítum iðnaðarpappír, hverri um 600 kíló á þyngd. Fyrir ofan rúllurnar hanga tvær glerflöskur fylltar bláu bleki sem drýpur hægt niður á pappírinn. Þannig skapar Kristján áhrifamikla tákmynd lífs og dauða, kalda áminningu um tímann sem líður.

### Dramatík og dulargervi

Fjölbreyttar tjáningaraðferðir, og þverfaglegt verklag, hafa verið taldar eitt af einkennum ungra Íslenskra myndlistarmanna. Þeir hafa verið kallaðir „blendingar í eðli sínu“ sem ævinlega séu á hreyfingu.<sup>12</sup> Samtvinnun ólíkra listgreina, samspil myndlistar, leikhúss og tónlistar, er ekki eingöngu aðall ungra listamanna eins og Ragnars Kjartanssonar, Sigurðar Guðjónssonar og Gjörningaklúbbsins, heldur líka einkenni listamanna af eldri kynslóð, og má þar nefna Halldór Ásgeirsson. Hann hefur nýtt sér aðferðafræði flúxus-hreyfingarinnar, fléttað saman ólíkum listmiðlum, gjörningum, heimildaskráningu og ljósmyndum, og unnið úr þeim á persónulegan hátt, bæði staðbundin og tímabundin verk.

Þó að hraungjörningar Halldórs Ásgeirssonar séu undir áhrifum af innhverfri kenningu Gastons Bachelards um fyrirbærafræði ljóðræns ímyndunarafis og greiningu hans á sköpunarmætti efnis og lögun hluta, þá setur Halldór gjörninga sína þannig á svið og ræðst með þeim hætti á efnid, hraunið sjálft, með logandi eldi, að slíkt telst fremur til sýningar en heim-speki. Viðfangsefnið er sköpunarmáttur alkemíu og athafnir hans eiga sér stað innan sýningarrammans, þar sem listamaðurinn er í hlutverki alkemistans sem umbreytir eðli hlutanna.

Ragnar Kjartansson ólst upp innan leikhússins og smeygir sér líkt og leikari í ólík gervi. Hann fullyrðir að eftirlætismálverkin sín séu sviðsmyndir.

Í mánaðarlangri innsetningu, *Ókyrrðinni miklu* (2005), sem fór fram í samkomuhúsinu Dagsbrún undir Eyjafjöllum, örskammt frá hringveginum, steig á sviðið ein af eftirlætispersónum hans, trúbadorinn Rassi Prump. Hann sat á yfirgefnu leiksviðinu, þar sem fjölmargir leikarar úr leikfélagi sveitarinnar höfðu sýnt í árunna rás, í riddarabúningi, og engdist af þunglyndislegri sálarkvöl.

Í þessum gjörningi rann eyðilegt yfirbragð hússins saman við háttstemmdar tilfinningar sem sveifluðust á milli þunglyndis og ægifegurðar. Með því að stilla persónu sinni upp berskjaldaðri á tómlegu sviði kallaði Ragnar fram andrúmsloft kaldhæðins einmanaleika, rétt eins og í nýjasta myndbandsverki sínu, *Guð* (2007). Þar birtist enn og aftur hinn einmana trúður, að þessu sinni kveinandi dægurlagasöngvari sem stillir sér upp ásamt hljómsveit við baktjald úr bleiku satíni á meðan viðkvæmnisleg laglínin *Sorrow conquers happiness* verður óbærileg í síendurtekinni hljómylkkju.

Endurtekning gegnir einnig þýðingarmiklu hlutverki í verkum Gjörninga-klúbbsins, þeirra Eirúnar Sigurðardóttur, Jóníar Jónsdóttur og Sigrúnar Hrólfsdóttur. Verk þeirra eru opnar tilraunir þar sem flakkað er á milli listgreina, gjörninga, myndbandalistar, ljósmynda og skúlptúrs – og „allt getur gerst“. Mörkin á milli skráningar og hins eiginlega verks eru óljós og leikmunir og dulargervi sem notuð eru í gjörningum og ljósmyndum sem þeim fylgja eru ýmist listaverk eða leikmunir. Búningarnir eru grundvallaratriði verkanna og gegna fjölbættu markmiði. Þeir auðkenna persónurnar sem settar eru á svið en um leið er hlutverk þeirra að gæta jafnræðis á milli listamannanna sem einstaklinga. Jafnframt minna þeir á táknrænt hlutverk búninga og hvernig þeir framlengja líkamann í leikrænu samhengi.

Gjörningarnir eru í sífelldri endurmótun og ýmsir hlutar og einstök atriði eru endurnýtt á þann hátt að verkin tengjast hvert inn í annað eins og þróunarykkjurnar sem hafa orðið ein af táknmyndum hópsins. *Gestrisni Tjaldkonunnar* (2008) er rökrétt framhald af hugmyndinni um listaverk sem hægt er að klæðast, umbreyta, flytja um set og sauma upp eins og notaða flík. Þó að mörg uppátæki hópsins virðist einkennast af góðlátlegri kímni er undirtónninn háalvarlegur. Verk þeirra lýsa ávallt djúpstæðri, en írónískri, gagnrýninni sannfæringu um jákvætt sköpunarafl og mátt hugans á pólitískum vettvangi. „Hér getum við ljósritað peningaseðla ef við verðum blankar,“ segir Eirún og bendir á ljósritunarvél á yfirlitssýningu um verk þeirra sem haldin var í Listasafni Reykjavíkur fyrir skemmstu.<sup>13</sup>

### Þörf fyrir samfellu

Á tímum gríðarlegra breytinga í heiminum, sem alþjóðlegir fjölmiðlar og farsímakerfi miðla okkur á óhlutbundinn hátt og eru að gjörbreyta hugmyndum nútímansins um staði, er ekki alltaf auðvelt að ná handfestu á þeim djúpstæðu félagslegu og landfræðilegu umskiptum sem verða fyrir augunum á okkur.



Daníel Þorkell Magnússon spyr kaldhæðinna og gagnrýninna spurninga um þjóðarvitund, tungu og þjóðartákn í ljósmyndaröð sinni af íslensku landslagi, en Spessi virðir fyrir sér staði af hljóðu næmi í hlutverki ósýnilega ljósmyndarans sem þræðir mjóa stigu á milli hins hversdagslega og hins einstaka. Á því augnabliki sem hann beinir linsunni að hinu hversdagslega verður viðfangsefnið einstakt og með því móti raskast jafnvægið á milli listar og ekki-listar, á milli hversdagsleika og sköpunar.

Ljósmyndaröð Spessa, *Location*, er vissulega í senn mjög raunverulegt og draumkennt ferðalag út í bláinn. Myndir hans afhjúpa sterka þörf fyrir samfellu, hann vill tengja saman hluti og staði, en forðast frásagnartækni og fylgir einfaldlega eigin mynstri, byggðu á geómetrískri hrynjandi sem fellur undir sjónræna reglufestu sem er táknræn fyrir norrænar breiddargráður.<sup>14</sup>

Hrafnkell Sigurðsson tvinnar saman menningarlega og náttúrulega þætti borgarumhverfisins og leikur sér að því að rugla þessu saman í heillandi myndum sem virðast teknar langt uppi á öræfum en eru yfirleitt gerðar á miðri götu eða í útjaðri borgarinnar, á þeim stað sem náttúran og borgin renna saman.

Almennur borgarbúi framleiðir hálf tón af úrgangi á dag. Í nýrri myndröð, *Conversions*, nýtir Hrafnkell merkingarþrungna táknmynd þrískiptrar altaristöflu, hlutgerir með því ljósmyndina, og skapar helgimynd þar sem teft er saman uppsöfnuninni á ruslahaugunum, tælandi yfirborð plastpokans, og því sem virðist óflekkuð náttúra. Hann beinir augum ævinlega að sléttu yfirborði hlutanna, hreinum flötum, skopast að hrifningu áhorfandans á tölvuskjám, fleygir framan í hann þversögnum samtímans og hræsni vistfræðiumræðunnar, og leiðir okkur á staði sem við viljum ef til vill ekki heimsækja.

Olga Bergmann hefur sótt innblástur í vísindaskáldskap og táknmyndir vísindarita. Verk hennar, *Panorama*, vekur upp efasemdir um það sem koma skal. Er um að ræða glettnislega eða uggvænlega, draumkennda sýn af landslagi framtíðarinnar, eða er þetta sjónræn könnun á því sem franskir félagsfræðingurinn Bruno Latour kallar líftaugina sem gerir tilveru okkar mögulega? Í *Leiðangri*, myndbandsskúlptúr úr tré með tveimur innfelldum skjám, sem hún vann með Önnu Hallin fyrir Selasetrið á Hvammstanga, snýst könnun þeirra á blendingsveröld náttúruvísindanna um óljós mörk hins villta og hins tamda, hins snortna og hins ósnortna, og landamærin á milli raunveruleika og sýndarveruleika þurrkast út.

### Draumar um „hvergið“

Ekkert er kyrrt í fljótandi myndbandamynstrum Steinu Vasulka sem skapar með vídeótækni náttúrumynstur álíka og rennandi vatn. „Hrifning mín á hrauni á rætur að rekja til æsku minnar þegar álfar og tröll voru enn hluti af veruleikanum,“ rifjar Steina upp, en hún og eiginmaður hennar Woody Vasulka voru brautryðjendur í þróun myndbandalistar á síðustu öld. „Ég

man að ef ég starði nógu lengi á hraunbreiðurnar tóku þær að hreyfast og jafnvel að gefa frá sér hljóð. Mörgum árum síðar tók ég sterkt meskalín í Herdísarvík og náði að endurvekja þessar æskuminningar og þau mögnuðu hughrif sem þeim fylgdu. Það er mikil áskorun að koma landslagi sem hefur verið sem frosið öldum saman til að hreyfa sig, já, dansa. Sé Guð alls staðar er nærvera hans vissulega áþreifanlegust í hrauni og mosa.<sup>15</sup>

Tónlist bindur einnig saman í heild brotakenndar frásagnir Sigurðar Guðjónssonar, því upplifunin af hinu mikilfenglega kollvarpar reglu, samhengi og skipulagi.<sup>16</sup> Í myndböndum sínum nýtir hann sér hvítan lit náttúrunnar, myrkur íslensks landslags og veðurofsa sem viðfang draumkenndra verka sem leiða áhorfandann inn í dimma og óræða heima, leitandi og ofsafengna í senn.

Er norðrið síðasti staður á jörðu sem geymir drauma og leyndardóma? „Héðan í frá munu stjórnsmál snúast um að velja tækni til loftslagsstýringar.“ Hér er Bruno Latour að vitna í Peter Sloterdijk sem biður okkur að taka „til gagngerar endurskoðunar viðhorf okkar um hvað það merki að búa á stað“.<sup>17</sup> Íslenskir listamenn hafa haft hraðan á. Þeir hafa máð út mörkin á milli hlutlægni og huglægni, milli stíltegunda og tjáningar, skrásetningar og sköpunar. Verk þeirra eru tvíbent, mött og óræð, því þeir eru gagn teknir af efasemdum. Jafnvel gríðarstór innsetning Kristjáns Guðmundssonar, *Blá færsla*, er ekki skúlptúr; hún er teikning, blek á pappír.

<sup>1</sup> Edmund Burke, *A Philosophical Inquiry into the Origin of Our Ideas of the Sublime and Beautiful*, Oxford University Press [1757] 1998, bls. 36. Rittstj. Adam Phillips.

<sup>2</sup> „I have always taken the weather personally.“ *Icelandic Art News*. Prentuð útg. sumarið 2007, bls. 27. [www.artnews.is](http://www.artnews.is)

<sup>3</sup> Roni Horn, *Vatnasafn. Library of water, Stykkisholmur, Iceland*, Artangel 2007. [www.libraryofwater.is](http://www.libraryofwater.is)

<sup>4</sup> Roni Horn, „Sérkenni Íslands“, *Lesbók Morgunblaðsins* 8. Júní 2002.

[www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=672559](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=672559). Eins og fjallað er um í grein Sigríðar Þorgeirsdóttur, „Nature's Otherness and the Limits of Visual Representations of Nature“, *Art, Ethics and Environment. A Free Inquiry into the Vulgarly Received Notion of Nature*, Cambridge Scholars Press 2006, bls. 122. Rittstj. Æsa Sigurjónsdóttir og Ólafur Páll Jónsson.

<sup>5</sup> Ósk Vilhjálmisdóttir, „Eitthvað annað“, innsetning í Gallerí Hlemmi, Reykjavík, 2003.

<sup>6</sup> <http://www.ilc.is/ILC/Dynasty.html>

<sup>7</sup> *Morgunblaðið* laugardaginn 29. september 2007 – Menningarblað/Lesbók.

<sup>8</sup> Jökulsvelgjaserían. Niður árpúsundanna í gegnum linsu Ólafs Ellíassonar myndlistarmanns. *Morgunblaðið* laugardaginn 25. ágúst 2007 – Menningarblað/Lesbók.

<sup>9</sup> *Hreinn Fridfinnsson*, sýningarskrá, Serpentine Gallery London og Listasafn Reykjavíkur 2007, bls. 67.

[http://www.serpentinegallery.org/2007/04/hreinn\\_fridfinnsson17\\_july\\_2\\_s.html](http://www.serpentinegallery.org/2007/04/hreinn_fridfinnsson17_july_2_s.html)

<sup>10</sup> Kristján Guðmundsson, Reykjavík 2001, bls. 22.

<sup>11</sup> Kristján Guðmundsson, Reykjavík 2001, bls. 152.

<sup>12</sup> Christian Schoen, „Observation from Inside and Out“, *Icelandic Art News*. Prentuð útg. sumarið 2007, 6. [www.artnews.is](http://www.artnews.is)

<sup>13</sup> [www.grapevine.is/default.aspx?show=paper&part=fullstory&id=1918](http://www.grapevine.is/default.aspx?show=paper&part=fullstory&id=1918)

<sup>14</sup> Æsa Sigurjónsdóttir, „Walking the line“, *Spessi – Location*, New York 2007, bls. 219–223.


<sup>15</sup> [www.vasulka.org/Steina/Steina\\_LavaAndMoss/LavaAndMoss.html](http://www.vasulka.org/Steina/Steina_LavaAndMoss/LavaAndMoss.html)

<sup>16</sup> Malcolm Andrews, *Landscape and Western Art*, Oxford University Press 1999, bls. 132.

<sup>17</sup> Bruno Latour, „Air-condition“: our new political fate, *Domus*, March 2004.

[www.bruno-latour.fr/presse/presse\\_art/GB-03%20DOMUS%2003-04.html](http://www.bruno-latour.fr/presse/presse_art/GB-03%20DOMUS%2003-04.html)











Daníel Þorkell Magnússon, *So Fucking Peaceful*, 2001







# NORÐRIÐ

## Dreams of the sublime in contemporary Icelandic art

To travel north has always been a challenge, and the north, and Iceland in particular, has through the ages been *terra incognita* in the eyes of the outside world, a place of nowhere where "everything is possible". As a place of rapid geological changes caused by volcanic eruptions and moving glaciers, Iceland evokes a mixture of wonder and fear, a strong feeling of the sublime, in the imagination of most Europeans. As the glacier-volcano Snæfellsjökull, where Jules Verne's travellers began their journey to the centre of the earth, has always represented the ultimate mysteries, the volcano Hekla embodied the gates of Hell.

A basic characteristic of the sublime is that it evokes a sentiment of pleasure and pain. Icelandic landscape in particular speaks to the Kantian 'dynamically sublime', where the awesome power and threat of nature calls forth a feeling for our distinctive capacities as moral beings, namely, freedom and the power of reason, as Emily Brady argues in her article *The Sublime and Contemporary Aesthetics*. One could also say that the wilderness of the highlands is a prime example of the classical notion of the sublime as represented in the black and white photographs by Vigfús Sigurgeirsson and described in the much quoted *A Philosophical Inquiry into the Origin of Our Ideas of the Sublime and Beautiful*, (1757) by the English philosopher Edmund Burke (1729–1797), who set out the definition of the sublime: "Whatever is fitted in any sort to excite the ideas of pain, and danger, that is to say, whatever is in any sort terrible, or is conversant about terrible objects, or operates in a manner analogous to terror, is a source of the *sublime*; that is, it is productive of the strongest emotion which the mind is capable of feeling."<sup>1</sup>

The north is also synonymous with unspoiled nature, vast landscapes and changes in colours and light. The strong dynamic presence of unspoiled land conveys a strong sense of nature's Otherness that has stimulated and inspired number of artists, as discussed further by Sigríður Þorgeirsdóttir later in this volume. As an imagined space the highlands have a long tradition in the cultural history of Iceland as being a place of darkness and death, a space on the margin of society, hosting the 'Other.'

"One of the biggest reason for me to be here is the powerful influence of the landscape",<sup>2</sup> claims the American artist Roni Horn, who has used Iceland "as an open-air studio of unlimited scale and newness," and as a place to "taste experience".<sup>3</sup> According to her being nowhere is one of the most rare, vulnerable and wonderful experiences one can have and Iceland is the prime supplier of "nowhere" in the world, which is, as she has pointed out, an endangered resource.<sup>4</sup> However, the romantic striving for communion with nature characteristic of so many of the intimate works Horn has created from her Iceland experience are far from the concerns of most Icelandic artists. Her subtle interpretations are distant from the loud

**Æsa Sigurjónsdóttir**

Art Historian, Curator

dynamic creativity of most young Icelandic artists who taste their experience of their unspoiled homeland with a pinch of salt. Their relationship with the island as a home, geographical space and identity is complex and not easily grasped by the foreign observer, as it is constructed around many layers of visual and literary discourses and simultaneously reacting to the changing place of Iceland the global ecological and political context.

Nature as a stage or a medium, as a subject to mediate, is a topic that Icelandic contemporary artists have been dealing with increasingly. The controversy surrounding the construction of a new hydroelectric power station and dam in the highlands of Iceland, north-east of Vatnajökull, the Kárahnjúkar project, created a public awareness of the existence of a different kind of space in Icelandic nature. This space could be called *Nowhere* or just *Something else*.<sup>5</sup> The public debate that followed triggered some challenging art works that opened the Icelandic art scene and made it more political than ever. Icelandic artists became aware of global questions of what it means to belong to a place, as represented in *Dynasty* (2007), an ironic fable told by the Icelandic Love Corporation, where three society ladies enjoy privileged moments on "the Earth's last snow caps".<sup>6</sup>

Confronting the viewer with the beauty of destruction through intense documentation of the "scraping off" the pristine layer of landscape, Pétur Thomsen claims to be seeking to represent the Kantian sublime. By visualising the gigantic intervention into the land from a neutral but monumental point of view, he is asking questions on intrinsic qualities of nature, and how to value water and land. In a recent interview, Thomsen claims to be openly political in his approach. "Images should have a purpose other than being seductive". His aim is to deal with an issue and try to get people to ask questions about their world.<sup>7</sup>

However, Thomsen's photographs representing nature transformed by industrialisation are not photographs of a crime scene, but a double-edged sublimation of a landscape in its most magnificent and frightening visions of it. By introducing a global understanding of the feeling of the sublime, Pétur Thomsen is contributing to a recent notion of the sublime in an environmental and aesthetical context, following the steps of many critical contemporary photographic artists today declaring the fact that all around the world, even in the pristine highlands of Iceland, we have to face the invasive landmarks of global economy.

### **Extension of the human (eye)**

Over the last decade, Ólafur Elíasson has explored in his multiple installations and photographic series the notion of the human body in the material world. He takes as his point of departure the concept of intertwining vision and movement as defined by the French philosopher Merleau-Ponty, in his multilayered idea of the body as being both perceiver and perceived.

In his *Glacier Series* (1999), Elíasson uses the neutral but all embracing “scientific” vantage point, experienced through a technological extension of the human eye to mediate optical and scientific distances. Limits between art and science are being deliberately blurred, the frame of visual landscape aesthetics is wiped out, as if we could only appreciate and believe in the existence of a place through technology, or as if Elíasson is reminding us of the fact that nature becomes essentially knowable through the intermediary of the culture of science.

His cartographic investigation of nature through the limits of human perception, is exemplified by the aerial views of the *Jökla Series* (2004). Here Elíasson exposes the riverbed as a simple representational layer, a fragile surface ready to be ripped off as a thin skin and disappear.

In his most recent work *Jökulsvelgir* (2007), Elíasson continues to mediate on the “brute being” of the world. Once again extending the human body through the means of a complex technical installation, this time pointing his lens at natural phenomena invisible to the human eye; like a scientist with his microscope. “You never see the bottom, you only hear the sound ... The water that runs through the melting glaciers is ancient – in a way you are watching time.”<sup>8</sup>

In this statement Elíasson pays debt to the generation of artists that constructed their thought in the 70s. Hreinn Friðfinnsson and Kristján Guðmundsson, keyfigures of the conceptual movement, put Icelandic artists on the map. Preoccupied with scientific units of measurement, they started visualising and meditating universal concepts as distance, time and space, in a dry minimalist fashion that opened up different ways of making art for the generations to come. In his work *For light, shadow and dust*, Friðfinnsson represents time as duration in the ephemeral transparency characteristic for his work.

“Time, or notions of time, are always compelling. I read what comes my way about physics and mathematics, but I read as one who is uninitiated ... My interest in the essence of time is serious, but my dealing with time is not knowledge-based; it’s more exploratory and feeling-based”,<sup>9</sup> says Friðfinnsson in a recent interview, describing his approach of stripping time elements down to degree zero. Sharp and transparent like broken glass, his art is painful as a cutting edge, and sublime in its presence.

The exploratory approach is also the characteristic of many of Kristján Guðmundsson’s works. His painting of the *Earth’s specific gravity* reveals his desire of materialising distances and measurements. “I read in a pocket book that the specific gravity of the Earth is 5.52 and thought: wow! – it would be nice to paint a picture which had the same specific gravity because then I would have painted all the countries and the oceans in one picture – the whole lot so to speak.”<sup>10</sup> *Once around the sun* is a book that contains as many dots as the seconds it takes the Earth to make a single orbit of the sun.<sup>11</sup> In this case he is dealing with the movement of the unlimited.

While interested in the nature of things, Guðmundsson is not interested in natural places or in nature *per se*, but in the space where all emotions have been drained out. But even though emotional expression is excluded from most of his works, the absence of emotion, its apparent straightforwardness and ironic undertone, creates the opposite effect, and takes the viewer into the unlimited dimensions of cosmos and questions of life and death.

A contemporary *memento mori*, the monumental *Blue Transmission* (1988) is an example of his interest in basic raw materials of drawing, paper and ink. The work consists of five rolls of white industrial paper each about 600 kg. Above the end rolls hang two bottles of blue ink that slowly drip into the rolls. The ink is liberated and after some 35 hours the bottles are empty. By introducing the element of time including the classical symbolic meaning of the hourglass and the modern institutionalised clinical transfusion, Guðmundsson creates a strong metaphor of life and death.

### **Drama and disguise**

Interdisciplinary practice, diversity of expression, has been read as one of the characteristics of young Icelandic artists. They have even been called "intrinsically hybrid" being forever on the move.<sup>12</sup> Crossover of individual art genres and interaction between art, theatre and music is not only the hallmark of young artists like Ragnar Kjartansson, Sigurður Guðjónsson and the art collective Icelandic Love Corporation, but also a characteristic of many of the older generation like Halldór Ásgeirsson who was inspired by the Fluxus way of blending different artistic media and disciplines in the 1960s and 70s.

Even though Ásgeirsson's lava performances are influenced by Gaston Bachelard's introvert theory of the phenomenology of the poetic imagination and his analysis of the imagination of matter and the shape of things, the way Ásgeirsson stages his performances and attacks the matter, the lava itself with a burning flame, is more performative than philosophical. Conceptually dealing with the creativity of alchemy, his actions are situated in the realm of the performance, with the artist in the role of the alchemist transforming the essence of things.

Ragnar Kjartansson, who grew up in the theatre, slides like an actor into different identities, claiming his favourite paintings to be stage sets. In his month-long installation *The Great Unrest* (2005) executed in an abandoned youth clubhouse a few steps from the busy road nr 1, some 150 km distance from the capital, he staged one of his favourite characters, the troubadour Rassi Prump in a colourful dreamlike abandoned settings. Sitting on a broken stage, where so many local performers have been playing through the years, dressed as a knight, he screams his melancholic pain.

The abandoned appearance of the place is mixed with an uncanny feeling oscillating between melancholy and sublime. His use of the solitary human exposed on a deserted stage evokes a feeling of ironic loneliness,

as in his most recent videos *Guilt Trip* and *God* (2007). *Guilt Trip* shows Iceland's most loved comedian, Laddi, walking through a white nothingness with a powerful shotgun. The work is also an important tribute to the paradox of the actor, as being a collection of multitude of identities.

The dramatic role of the sad clown so dear to Ragnar Kjartansson is also the subject of the video loop *God*. There the artist himself performs the role of the lonely crooner framed by his orchestra and a pink satin backdrop. His tender lines *Sorrow conquers happiness* become insupportable in their endless loop.

Repetition is an element that also assumes a crucial role in the work of The Icelandic Love Corporation, a collective of the artists, Eirún Sigurðardóttir; Jóní Jónsdóttir; Sigrún Hrólfsdóttir. Their body of work fluctuates from one genre to another, performances, video installations, photographs, sculptural objects – always left open for further experiments, reinterpretations, where “everything can happen”. Through the concept of masquerade, distinctions between documentation and actual works are blurred and props and costumes used in performances flap between being art objects and just props. Costumes are always the key element of identification, as in a theatre performance as well as a way of equalizing their status as individual artists, underlining the symbolic function of dress as well as the idea of textile being an extension of skin.

Ready to be reused and reshaped, their different actions are linked into each other like the crochet that has become one of their visual emblems. *The Tent Lady's Hospitality*, a video piece commissioned for this exhibition, is a logical continuation of the idea of the wearable art piece that can be transformed, dislocated, relocated and refashioned like an old dress. Even though many of their actions seem light-hearted and humorous their works always yield deep personal critical beliefs in the positive force of creation and the power of mind. “Here we can photocopy money if we run short on cash”, Eirún says and points to a photocopier machine in their recent retrospective at Reykjavik Art Museum.<sup>13</sup> And in their video installation *Dynasty* (2007) the fur-coated society ladies enjoy the ultimate luxury of the close future of the last snow caps.

### **Desire for continuity**

In a period of intense global shifts, abstractly mediated through international media and mobile networks which are radically reforming our contemporary notions of places, it is not always easy to get a grasp on the deep social and geographical changes happening in front of your eyes. When Daníel Þorkell Magnússon asks ironic, critical questions in his photographic series of Icelandic landscape about national identity, language and national symbols, Spessi is observing places, with quiet subtlety, in the role of the invisible photographer who traces the frail border between the

ordinary and the extraordinary. However, pointing the lens at the ordinary makes it already extraordinary as it actively disrupts the balance between art and non-art, between everyday and imaginary.

Spessi's photographic series *Location* is indeed a very real and at the same time dream-like journey into the nowhere. His images reveal strong desire for continuity, for linking things and places together, avoiding narrative mechanisms, and just following his own visual pattern that could be described as based on the staccato rhythm of modern architectural spaces, belonging to the visual formalism inherent to Nordic latitudes.<sup>14</sup>

Hrafnkell Sigurðsson intertwines natural elements with the urban and plays with visual confusion between those two in seductive images that seem to be taken in middle of nowhere, but are usually shot just in the middle of the street or taken at the peripheries of the city. In his much acknowledged tent series he played with confusion between nature and culture in western societies, how we have to start the wilderness hike in the department store.

The urban human creates 1.5 kg of detritus per day. The monumentality of garbage, seductive surface of the carrier bag that ends as a container for our waste, the glossy surface of the photograph, and the loaded symbolism of the triptych are the elements the viewer has to deal with in his recent photographic series *Conversions*. Always focusing on the seductiveness of surfaces and our fascination for the computer screen, Sigurðsson throws at us all the contradictions of contemporaneity city and the hypocrisy of ecological discourse and takes us to places we might not want to go to.

Inspired by science fiction and the iconography of scientific literature, Olga Bergmann's *Panorama* leaves the doubt, is it a humorous or frightening dream like vision of future landscapes, or is it a visual exploration of what Bruno Latour calls the life supports that make our existence possible? In *Expedition*, a video sculpture made in wood with incorporated screens, created with Anna Hallin, for the Seal Observation Center at Hvammstangi, North Iceland, the artists are taking further their exploration of the hybrid world of natural science extended through technology.

### **Dreams from nowhere**

Things don't remain in place in Steina Vasulka's floating video patterns, which turn liquid as running water. "My love affair with lava comes from early childhood, when elves and trolls were still a part of reality", recalls Steina Vasulka, who with her husband Woody Vasulka pioneered in the development of video art in the 1960s. "I remember if I stared long enough at a lava field, it started moving, even making sounds. Many years later I took some potent mescaline in Herdísarvík, and was able to evoke those childhood memories and the immense exuberance that goes with it. It is a great challenge to get landscape, frozen for centuries to move, yes dance. If god is everywhere, his presence certainly is most tangible in lava and moss."<sup>15</sup>

Sigurður Guðjónsson also uses music as an important element in his broken narratives. He plays on the whiteness and darkness of Icelandic landscape and the violence of the weather as a setting for his dreamlike video episodes where his timid and temperamental characters activate themselves in uncanny theatrical settings.

In his most recent video *Ablation*, commissioned for this exhibition, his catharsis goes through a fusional introspection of natural element; a clump of ice.

"The experience of the sublime is, almost by definition, one that subverts order, coherence, a structured organization."<sup>16</sup> Subversion of order is a characteristic of recent Icelandic art. Is the North, the last place on earth where mysteries and dreams are taking place? "Politics from now on, will be a selection of the technology of climate-control": Bruno Latour is citing Peter Sloterdijk who is asking us "to radically modify our point of view on what it means to inhabit a place."<sup>17</sup> Icelandic artists have moved fast. Blurring the limits between objectivity and subjectivity, between genres and expression, documentation and performance, their works are opaque images and objects surrounded by ambivalence and doubt. Even Guðmundsson's monumental installation is not an object; it is a drawing, ink on paper.

<sup>1</sup> Edmund Burke, *A Philosophical Inquiry into the Origin of Our Ideas of the Sublime and Beautiful*, Oxford University Press [1757] 1998, p. 36. Ed. by Adam Phillips.

<sup>2</sup> "I have always taken the weather personally", *Icelandic Art News*. Printed version summer 2007, p. 27. [www.artnews.is](http://www.artnews.is)

<sup>3</sup> Róni Horn, *Vatnasafn. Library of water*, Stykkisholmur, Iceland, Artangel 2007. [www.libraryofwater.is](http://www.libraryofwater.is)

<sup>4</sup> Róni Horn, "Iceland's Difference", *Lesbók Morgunblaðsins*, June 8<sup>th</sup> 2002. [www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=672559](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=672559). As discussed in Sigríður Þorgeirsdóttir, "Nature's Otherness and the Limits of Visual Representations of Nature", *Art, Ethics and Environment. A Free Inquiry into the Vulgarly Received Notion of Nature*, Cambridge Scholars Press 2006, p. 122. Ed. by Ása Sigurjónsdóttir and Ólafur Páll Jónsson.

<sup>5</sup> Ósk Vilhjálmsdóttir, "Something Else", installation in Gallery Hlemmur, Reykjavík, 2003.

<sup>6</sup> <http://www.ilc.is/ILC/Dynasty.html>

<sup>7</sup> *Morgunblaðið Saturday September 29<sup>th</sup> 2007 – Menningarblað/Lesbók.*

<sup>8</sup> *Morgunblaðið Saturday August 25<sup>th</sup> 2007 – Menningarblað/Lesbók.*

<sup>9</sup> *Hreinn Fridfinnsson*, catalogue of the exhibition, Serpentine Gallery London and Reykjavík Art Museum 2007, p. 67.

[http://www.serpentinegallery.org/2007/04/hreinn\\_fridfinnsson17\\_july\\_2\\_s.html](http://www.serpentinegallery.org/2007/04/hreinn_fridfinnsson17_july_2_s.html)

<sup>10</sup> Kristján Guðmundsson, Reykjavík 2001, p. 22.

<sup>11</sup> Kristján Guðmundsson, Reykjavík 2001, p. 150.

<sup>12</sup> Christian Schoen, *Observation from Inside and Out*, *Icelandic Art News*. Printed version summer 2007, 6. [www.artnews.is](http://www.artnews.is)

<sup>13</sup> [www.grapevine.is/default.aspx?show=paper&part=fullstory&id=1918](http://www.grapevine.is/default.aspx?show=paper&part=fullstory&id=1918)

<sup>14</sup> Ása Sigurjónsdóttir, "Walking the line", *Spessi – Location*, New York 2007, pp. 219–223.

<sup>15</sup> [www.vasulka.org/Steina/Steina\\_LavaAndMoss/LavaAndMoss.html](http://www.vasulka.org/Steina/Steina_LavaAndMoss/LavaAndMoss.html)

<sup>16</sup> Malcolm Andrews, *Landscape and Western Art*, Oxford University Press 1999, p. 132.

<sup>17</sup> Bruno Latour, "Air-condition": our new political fate, *Domus*, March 2004.

[www.bruno-latour.fr/presse/presse\\_art/GB-03%20DOMUS%2003-04.html](http://www.bruno-latour.fr/presse/presse_art/GB-03%20DOMUS%2003-04.html)







Halldór Ásgeirsson, *Jarðeldhús/Earth Kitchen*, Kyoto, Japan 2002/2005

Halldór Ásgeirsson, *Óendanlegt/Endless*, 2001



Pétur Thomsen, *Aðflutt landslag/Imported Landscape*, 2003–2006





## Vanrækslan á hinu háleita

Heimspekin er nú aftur farin að fást við fegurðina. Skyldi hið háleita geta átt það sama í vændum – skiptir það nokkru máli í samtímafagurfræði? Já, það tel ég en líkast til ekki í jafn ríkum mæli og fegurð, í ljósi þess hversu víðtæk hún er, hvað hennar nýtur víða í sögunnar rás og hvað hún hefur að undanfögnu orðið fyrirferðarmikil á ný. Ég mun á þessum síðum halda því fram að hið háleita eigi vissulega erindi í samtímafagurfræði en að erindi þess takmarkist einkum við umræður á sviði umhverfisfagurfræði og umhverfisheimspeki yfirleitt.

Af hverju stafar þessi vanræksla á hugtakinu, þegar það hefur stöðugt haft mikilvægu hlutverki að gegna á öðrum sviðum, eins og bókmenntafræði og listfræði? Væntanlega er það vegna þess að menn telja hugtak hins háleita hafa fátt fram að færa í þeim deilum sem nú geisa. Verk Mary Mothersill, *Beauty Restored*,<sup>1</sup> er sagt hafa hrundið af stað umræðum um annað hugtak, fegurð, sem hefur gegnt lykilhutverki í sögu fagurfræðinnar og jafnan verið stillt upp sem andstæðu hins háleita.

Fræðirannsóknir á hinu háleita spanna vítt svið og er fengist við það innan heimspeki, bókmenntafræði, gagnrýnnar kenningar, menningarfræði, listfræði, arkitektúr og eflaust fleiri greina til viðbótar. Umfjöllun mín einkoróðast við heimspökilega fagurfræði og sérlega veigamikil málefni innan hennar.<sup>2</sup> Ég skoða tvennskonar mismunandi rök fyrir því af hverju hið háleita hefur verið vanrækt: (1) sögulegu rökin og (2) sjálfhverfurökin. Ég skoða hvor rökin um sig og ýmis svör við þeim. Í lok þessara hugleiðinga sýni ég einnig fram á hvernig megji finna áhugavert dæmi um nútímaskilning á hinu háleita í íslensku umhverfi og hvers vegna hið háleita nýttist sem fagurfræðilegt gildishugtak til þess að túlka það.

## Sögulegu rökin

Sögulegu rökin leita sögulegra róta þess hvers vegna hið háleita hefur verið vanrækt og eru á þá leið að það sé umfram allt gamaldags hugtak. Áður en við hugum að þeim ástæðum er rétt að fara stuttlega yfir sögu hugtaksins. Nú er fyrsta ritið um hið háleita, *Um hið háleita*, jafnan eignað Longinosi, grískum gagnrýnanda frá 1. öld e.Kr. Undir áhrifum klassískra hugmynda um ræðulist, svo sem Aristótelesar, setti Longinos hið háleita fram sem bókmenntastíl. Svo virðist sem ritgerð hans hafi aftur komið í leitirnar á 16. öld og þýðing hennar á ensku og frönsku á 17. öld verið gríðarlega mikilvæg fyrir viðtökur hennar í bókmennta- og fagurfræði 18. aldar.

Heimspökiumfjöllun um hið háleita náði hámarki á 18. öld þegar óvenjulegt þótti að taka *ekki* tillit til hennar í kenningum um smekk. Fagurfræðingar samtímans kannast helst við kenningar Edmunds Burke og Kants um hið háleita en eftir aðra höfunda er einnig að finna mikilvæg verk um efnið,

## Emily Brady

lektor í heimspeki og menningarlandafræði  
við Edinborgarháskóla í Skotlandi

svo sem Addison, Alison, Herder og Mendelssohn. Í raunhyggjunálgun Burkes er það sagt vera háleitt sem er stórt, máttugt, víðfemt, óendanlegt, grófgert, myrkt, drungalegt, tilkomumikið en einnig hávær hjóð, rammur fnykur og ódaunn. Hið háleita skynjum við sem milliliðalaus unaðslega ógnartilfinningu sem kemur fram sem viðbragð við einhverri hættu þegar hættan er þó of fjarlæg til þess að geta valdið raunverulegum sársauka. Háleitir hlutir yfirgnæfa okkur algjörlega: „hugurinn fyllist svo af viðfangi sínu að hann getur hvorki tengst neinu öðru né þar af leiðandi velt því fyrir sér sem heldur honum uppteknum.“<sup>3</sup> Burke heldur því fram, eins og Kant, að hið háleita verði ekki upplifað nema áhorfandinn reyni hinn háleita hlut milliliðalaust þegar hann er staddur í öruggri fjarlægð frá honum.

Hin fullbúna kenning Kants um hið háleita, eins og hana er að finna í *Gagnrýni dómgreindarinnar* (1790) var undir áhrifum frá Burke og öðrum eldri kenningum. Engu að síður þróar Kant hugtakið sem hluta af gagnrýnni og forskilvitlegri heimspeki sinni og sker greining hans sig úr fyrir ríka áherslu á náttúruna.<sup>4</sup> Kant greinir á milli hins „stærðfræðilega háleita“ annars vegar, þar sem skynfærin og ímyndunaraflíð reka sig á ystu mörk getu sinnar þegar þau mæta gnótt náttúrunnar sem virðist óendanleg, svo sem himinhá fjöll eða næturhiminninn, og hins vegar hins „dýnamíska háleita“. Í síðar-nefnda flokknum býr sú angistarfulla nautn sem náttúruöflin og náttúru-ógnin kveikja og vekja okkur á þann hátt til vitundar um sérstakar gáfur okkar sem síðvera, þ.e. um frelsið og mátt skynseminnar.<sup>5</sup> Okkur finnst við vissulega vera getulaus og lítils megnug andspænis mætti náttúrunnar en þó álitum við á endanum okkur sjálf fremur en hlutina vera háleit þegar við uppgötuum hæfni okkar til þess að bera okkur saman við náttúruna.

Eftir þetta hefur hið háleita ekki notið stöðu *lykil*hugtaks fagurfræðilegrar greiningar, enda þótt menn hafi fengist við það innan rómantískrar ljóðlistar og prósa og í heimspekiumræðum á seinni tímum. Sögulegar ástæður fyrir því eru vafalítið margar og margháttáðar og mun ég einungis taka á fáeinum þeirra, með heldur háspekilegum hætti. Ástæður þessa má rekja til breytinga sem urðu á þeim grunni sem hið háleita stóð á, bæði í raunreynslu og á kenningagrunninum. Hugtakið þróaðist fljótt frá því að vera bókmenntalegt hugtak til þess að verða í auknum mæli beitt á náttúruna og á þeim tíma þegar rómantíska hreyfingin upphóf það tengdist það einkum náttúruhlutum og -fyrirbærum. Þegar áherslan tók að færast frá realískri og natúralískri list og að framúrstefnu og expressjónisma dofnaði áhugi heimspekingsa fyrir fagurfræði náttúrunnar, þar með talið hinu háleita. Þar til fyrir skömmu vakti hið síðastnefnda einnig líttinn áhuga innan listarinnar en hefur nú aftur skotið upp kollinum hjá listamönnum og heimspekingum á borð við Barnett Newman og Jean-François Lyotard.

Samhliða þessum umskiptum í fagurfræði og listum hafa grundvallar-breytingar átt sér stað í fagurfræðilegri reynslu fólks og smekk þess fyrir landslagi. Margt hefur verið ritað um hvernig breytingar á landslagssmekk gerðu fólki kleift að njóta hins háleita, þ.e.a.s. við það að skipta óttanum og

andúðinni á háum fjöllum, eyðimörkum og annars konar eyðilegum stöðum út fyrir aðdáun og vegsömun.<sup>6</sup> Þessar breytingar á smekk eiga rót sína að rekja til ýmissa þátta af efnahagslegum, félagslegum, trúarlegum og tæknilegum toga sem gerðu fólki kleift að nálgast sjálft slíka staði á tiltölulega öruggan hátt. Þannig komu kenningar um hið háleita fram á sjónarsviðið um leið og þessi hvörf eiga sér stað, sem gerðu fólki – þó einkum elítunni – fært að njóta náttúrunnar fremur en að óttast hana einvörðungu eða finnst hún kaldranaleg, ef ekki beinlínis vond.

Endurspeglast það áhugaleysi sem ríkir fyrir *orðræðunni* um hið háleita í dvinandi áhuga fólks núorðið fyrir háleitum hlutum og reynslu af þeim? Hefur „smekk“ fólks fyrir hinu háleita hnignað? Því mætti halda fram að dregið hafi úr tækifærum til þess að njóta hins náttúrulega háleita, hugsanlega vegna þess að margir menningarheimar og samfélög bera nú minni lotningu fyrir náttúrunni, óttast hana síður, eftir að hafa þróað tæknilegar lausnir til þess að stjórna henni; fólki finnst það þá beinlínis ráða yfir henni eða umgangast nú orðið fjöll, hafið og annars konar umhverfi mað svo auðveldum hætti að það upplifi vart lengur hina angistarfullu nautn, hina hárbeittu tilfinningu fyrir hinu háleita. Með öðrum orðum hafa samskipti manna við náttúruna í mörgum samfélögum orðið mun átakaminni. Vera má að enn sé rúm fyrir skyld viðbrögð, þ.e. hugtök á borð við lotningu, mikilfengleika og undur en varla lengur (mætti halda fram) fyrir þá flóknu upplifun sem hið háleita er, a.m.k. ef við göngum út frá þeim skilningi sem í hugtakið var lagður á 18. öld. Meginályktunin sem draga má af sögulegu rökunum er því að hið háleita skipti ekki lengur máli fyrir fræðilega umræðu vegna þess sú reynsla sem fólk hafði af því í fyrndinni er einfaldlega ekki lengur fyrir hendi eða, skyldi enn mega verða fyrir henni, þá er hún sannarlega fátíð.

Hér er hrapað að niðurstöðum. Til allrar hamingju tryggir náttúrulegt umhverfi okkar að við getum ítrekað orðið fyrir ýmiss konar reynslu. Tæknin hefur einnig nýst okkur til að komast á staði sem eru enn að miklu leyti villtir – háir fossar, ólgandi fljót, eldgos, víðfeðm höf, geimurinn, eyðimerkur o.s.frv. – og opna fyrir að við sýnum háleit viðbrögð. Vissulega er hugtak hins villta afar umdeilt en þó höfum við reynslu af meira og minna villtum stöðum sem gefa kost á hinu háleita. Það síðastnefnda þarf heldur ekki að takmarkast við fjarlæga staði – á heiðskírri nótt, laus við alla ljósmengun, getum við starað á það sem Kant lofsöng svo mjög: „stjörnuhiminninn fyrir ofan oss.“ Þar eð við getum nú skoðað jörðina alla með nokkrum fingrahreyfingum í Google Earth og svipuðum miðlum eru tækifærin enn fyrir hendi til að upplifa beint hið náttúrulega háleita. Einnig má færa fyrir því rök að samfélög sem eru skemur á veg komin í tækniþróun beri enn meira skynbragð á hið háleita en nú er ég komin út í sálma sem eru heldur háfleygir – reynslurannsóknir þyrftu að styðja fullyrðingar sem þessa. Tilkoma áhættuþróttar er dæmi um hvernig fólk leitar áhættu þar sem hún er kannski ekki lengur til staðar en það þarf einhverja ögn af áhættu (enda þótt óttinn „sé allur í ímynduninni,“ eins og Kant komst að orði) eigi fólk



að upplifa hið háleita. Nú ætla ég ekki að halda því fram að áhættuþróttir séu út af fyrir sig dæmi um reynslu af hinu háleita en þær gefa þó kost á fagurfræðilegri reynslu af þeim toga vegna þess í hvaða stöðu þær setja fólk gagnvart umhverfinu.

Þessi upptalning sýnir að enn á fólk kost á ýmiss konar upplifun sem tengd er við hið háleita og sem réttlætir að við skulum beita hugtakinu nú á tímum. En með því er vandinn ekki leystur. Eigi hið háleita að vera áhuga-vert í umræðu um umhverfið þarf að takast á við önnur gagnrýnisatriði.

## Sjálfhverfurökin

Sjálfhverfurökin byggjast á þeirri fullyrðingu að hið háleita sé í eðli sínu sjálfhverft, einkum hvað varðar tengslin sem í því felast milli manna og náttúrunnar. Ein birtingarmynd þessarar röksemdafærslu gengur út á að það upphefji mannkynið fremur en hluti í náttúrunni, þannig að hið háleita verði að *sjálfsskoðun*. Í mörgum greinargerðum fyrir hinu háleita, einkum þeim sem hafa haft mest áhrif, svo sem hjá Kant, eru það í raun mannkynið, skynsemin, frelsið eða hið siðferðislega sjálf sem eru háleit en ekki náttúran. Kant kemst svo að orði: „það sem er eiginlega háleitt getur ekki verið fólgið í neinu skynjanlegu formi, heldur varðar það aðeins hugmyndir skynseminnar ...“.<sup>7</sup> Eftir ákveðnu „mistúlkunarferli“ skiptum við virðingu fyrir hlutum náttúrunnar út fyrir virðingu fyrir sjálfum okkur eða „skiptum á virðingu fyrir hlutum í stað virðingar fyrir hugmynd mannkynsins í viðfangi okkar“.<sup>8</sup>

Sýn Kants hefur í kjölfarið áhrif á skilning rómantíska tímabilsins á hinu háleita og lýsti skáldið John Keats þannig ljóði Wordsworths *The Prelude* sem „háleitri sjálfhverfu“.<sup>9</sup> Um er að ræða langt sjálfsævisögulegt ljóð og eitt það frægasta sem liggur eftir Wordsworth. Í því sækir hann innblástur í þá náttúrusýn sem hann hafði sem unnanndi heimasvæðis síns, Vatnahéraðsins á Englandi. Eftirfarandi ljóðlínur eru úr þeim hluta sem nefnist „Á skautum“:

Þannig æddum við áfram í myrkri og kulda,  
ekki var rödd sem ei bærðist; og með gný  
... þverhnípin glumdu;  
lauflaus trén og hver einasta klakasprunga  
klingdi líkt og járn.<sup>10</sup>

Enda þótt ljóðlist Wordsworths og annarra rómantískra skálda beri hugsanlega vott um vissa virðingu fyrir náttúrunni gefur hún einnig þeirri gagnrýni byr undir báða vængi að náttúran sé með hinu háleita gerð að meðali sem við beitum til þess að uppgötva okkur sjálf, neisti sem bregður birtu á stöðu okkar í heiminum – sem á margan hátt er álitin æðri náttúrunni sjálfri. Ronald Hepburn kemst þannig að orði um kenningu Kants að hún takmarki „framlag náttúrunnar í þágu einhliða upphafningar hinnar skynsömu sjálfs-

veru<sup>11</sup> og að „hætt sé á að hinn náttúrulegi ytri heimur verði talinn hafa gildi í reynslu af hinu háleita þá aðeins að hann geri einstaklingi kleift að finna fyrir því hversu víðfeðm sál hans er. Það eina sem menn mætu hann fyrir er hversu sterka reynslu hann væri fær um að miðla þeim.“<sup>12</sup> Þar eð reynslan af hinu háleita er af fagurfræðilegum toga – eða fagurfræðilegum og siðferðislegum toga í senn – sem stillir náttúrunni þannig upp sem framandi veruleika, mætti líta á slíka reynslu sem fagurfræðilega smættun náttúrunnar og jafnvel sem afbökun og manngervingu hennar, „með því að smækka hana til þess að hún falli að okkar mælikvörðum“.<sup>13</sup>

Í tengslum við þetta ber að nefna tilbrigði við þessi rök sem eru á þá leið að hið háleita staðsetji náttúruna sem „hinn“ sem einhvern „hinn“ ólíkan okkur sjálfum, eitthvað sem við komumst að á endanum að við höfum vald yfir.<sup>14</sup> Í frægri gagnrýni Williams Cronons á hugtak hins villta heldur hann því fram að hið háleita sé til þess eins að dýpka þá gjá sem er milli manna og náttúrunnar.<sup>15</sup> Ýmsar aðrar mótbárur þekkjast sem má segja að séu hliðstæðar sjálfhverfurökunum og hafa þær verið settar fram á ólíkum forsendum: feminískum, stjórnmálalegum, bókmenntafræðilegum, félagsfræðilegum o.s.frv.<sup>16</sup>

Reynum nú að svara sjálfhverfurökunum og hvorri gagnrýni um sig. Á öðrum stað, þar sem ég fékkst við að endurmeta hið háleita hjá Kant og fagurfræðilegt náttúrumat, hef ég reynt að sýna fram á, að hjá Kant sé hið háleita ekki eins sjálfhverf reynsla og þessi gagnrýni gefur til kynna.<sup>17</sup> Í stuttu máli held ég því fram að í stað þess að smætta skynjun hins háleita í vitundina um siðferðislega skyldu eigum við að virða áherslu Kants á að dómar um hvað teljist háleitt falli skilmerkilega undir umdæmi fagurfræðinnar. Af þeim sökum séu hlutir náttúrunnar ekki aðeins áreiti sem valda háleitri svörun heldur gegni þeir, eins og ég sýni fram á, eigin hlutverki í skynjun okkar á þeim, enda þótt við metum þá þannig með óþeim hætti. Að sama skapi kemur í ljós, ef við leggjum réttan skilning í greinarmuninn milli hins fagurfræðilega og hins siðferðislega í skilningi Kants á hinu háleita, hvernig fagurfræðileg reynsla af þessu tagi einkennir fagurfræðileg og siðferðisleg tengslin sem ríkja milli manns og náttúru.

Á þessum síðum er mér mest í mun að verja hina torskildari og frumspakilegu hugmynd Kants um hið háleita vegna þess að ég álit hana standa nær hugtakinu eins og það hefur þróast innan heimsspekinnar (og í tengslum við hið háleita í náttúrunni). En hvað sem því líður vil ég, til þess að þoka heildarverkefni mínu áleiðis, skýra út í stuttu máli hvers vegna við ættum að huga að skynjun hins háleita í náttúrunni.

Í tengslum manna við náttúruna sem koma fram við reynsluna af hinu háleita má sjá tvo þætti að verki: auðmýkt og sjálfsyfirvegum.<sup>18</sup> Hér eru ekki þægileg tengsl á ferðinni heldur er þeim betur lýst sem órólegum. Ýmsar kenningar um fagurfræðilega skynjun innan umhverfisfagurfræði leggja

áherslu á að í náttúruupplifun sé fólgin djúp hluttekning, ólíkt margs konar tegundum listskynjunar og landslagsskynjunar.<sup>19</sup> Þessum sjónarmiðum er ég sammála og tel hið háleita veita ákveðna reynslu af toga *umhverfis-*fagurfræði en þó ekki sérlega notalega reynslu. Hinu háleita fylgir að finnast maður vera borinn ofurliði af einhverju, vera fullur angistar og máttlaus frammi fyrir fallþunga sjávaraldanna, klettum sem gnæfa hátt yfir manni o.s.frv. Ekki er um að ræða unaðslega reynslu af náttúrunni sem gefur til-efni til hugleiðinga, eins og einkennir ýmis afbrigði fegurðar. Að þessu leyti býður hið háleita ekki upp á samband við ástríka eða vingjarnlega náttúru, heldur er það órólegt, óþægilegt, ef ekki beinlínis strítt.

Við getum betur skilið hvernig sjálfið, í reynslu sinni af hinu háleita, tengist umhverfi sínu með því að leita í heimspeki Lyotards. Enda þótt hann hafi einkum áhuga á hinu háleita eins og það birtist í listinni sýnir Lyotard okkur á hvern hátt sjálfsveran er af-miðjuð í háleitri reynslu þegar hún mætir „því sem ekki verður komið orðum að“, „því sem ekki verður komið til skila“ og hinu óákvarðaða. Í umfjöllun sinni um hið háleita í listsköpun og hugmyndum Barnettts Newmans skrifar Lyotard að „í slíku tilviki bíður viljinn ósigur.“<sup>20</sup> Þegar kemur að náttúrunni getum við tekið saman hugmyndir Lyotards og túlkað hið háleita sem eitthvað sem yfirgnæfir sjálfsveruna, þar sem sjálfið tapar stöðu sinni í kjölfar þeirrar náttúruutilfinningar sem er því ekki að fullu kunnug og sem hefur eitthvað dularfullt við sig; því megi segja að mannleg skynsemi nái ekki að tileinka sér náttúruna.<sup>21</sup> Í túlkun sinni á kenningu Kants sýnir Lyotard þessa hreyfingu sem á sér stað handan sjálfsverunnar sem „finnur í viðfangi sínu fyrir nærveru einhvers sem yfirgnæfir sjálft viðfangið. Fjallstindurinn er fyrirbæri sem gefur til kynna að það sé einnig eitthvað meira en bara fyrirbæri.“<sup>22</sup> Þvert á sjálfhverfurökin sýnir Lyotard því fram á hvernig hið háleita felur í sér „afmennskun“ fagurfræðilegrar reynslu og myndar flókið samband milli manna og náttúru sem sprettur upp úr áhrifamikilli reynslu.

### Hið háleita í íslenskum samtíma

Í reynslu af hinu háleita kemur náttúran manni fyrir sjónir sem flókin, dularfull, myrk, mikil, risavaxin, taumlaus, víðfedm, óreiðukennd, ólöguleg, formlaus, hrá, hávæ, ofsafengin o.s.frv. Hvar fellur mannfólkið inn í þetta allt saman? Það kemur ekki á óvart að í sannri reynslu af hinu háleita finnst okkur við enn vera agnarsmá. Það þýðir þó ekki að við höndlum náttúruna sem „Hinn“ eða sem hún sé okkur *algjörlega* óaðgengileg. Því hvað sem öllu líður njótum við ákveðinna fagurfræðilegra einkenna náttúrunnar. Það er það sem hrærir við okkur og veldur því að okkur finnst við vera svo óburðug. Á þann hátt stofnar hið háleita því til sambands þar sem við virðum viðfang okkar fyrir okkur að einhverju leyti – hlutur gæti ekki talist háleitur ef við óttuðumst hann einvörðungu og þyrftum að leita í skjól undan honum – enda tjáir það að umhverfi af mismunandi toga búi yfir ákveðnum fagurfræðilegum einkennum. Það skyldi heldur engan undra í ljósi þess að

hið háleita kom upphaflega fram á sjónarsviðið til þess að fást við há fjöll, fossa o.a.þ.h. sem nýr fagurfræðilegur smekkur hafði myndast fyrir.

Hér er því um að ræða náttúru sem menn meta fyrir eiginleika sem eru í sterkri mótsögn við blómlegar byggðir. Enda þótt þá eiginleika megi ekki kenna við ljótleika tilheyrja þeir þó flokki eiginleika sem jafnan teljast vera í andstöðu við fegurð. Innan umhverfisfagurfræði hefur að undanförnu verið rætt um hvernig megi greina tegundir af fagurfræðilegu mati þar sem náttúran er metin á sínum eigin forsendum í stað þess að skoða hana úr sjóngleri landslagsmálverksins og hafa ýmsir heimspekingar í því samhengi bent á hversu mikilvægt sé að menn kunni að meta þær landslagstegundir sem þykja yfirleitt ekki gott efni í landslagsmyndir. Hið háleita er ekki endilega „ljótt“ þar eð ýmsar tegundir þess geta skarast við fagurfræði landslagsmynda en er þó örugglega nær því að vera „ógnandi fegurð“ en myndræn fegurð.

Hugtak hins háleita er vel til þess fallið að lýsa íslensku umhverfi. Víða getur íslenskt landslag ekki talist fallett í hefðbundnum skilningi þess orðs. Víðáttumiklar hraunbreiður, jöklar, hrjóstrug, skóglaus fjöll, áhrifamikil eldfjöll o.fl. eru dæmi um hið háleita í samtímanum og jafnframt leið til að ljá slíku umhverfi fagurfræðilegt gildi. Töfrar íslensks landslags – t.d. fyrir manneskju eins og mig sem býr nálægt hinu eldforna hálandi Skotlands – eru í því fólgnir hversu ungt það er í jarðsögulegum skilningi og síkvikt. Þetta bendir til þess að í háleitri reynslu sé ákveðinn þáttur ímyndunar-afslins að verki – hvort sem skynrænir eiginleikar á borð við svartan sand, storknað hraun o.s.frv. vekur það upp – sem semur myndræna frásögu um þau kraftmiklu náttúruferli sem mynduðu íslenskt náttúru í núverandi mynd. Loftslagsbreytingar hafa nú í för með sér að maður þarf ekki að ímynda sér þessi breytingarferli á löngum tíma vegna þess hversu hratt breytingarnar eiga sér stað. Það er ekki svo langt síðan eldgos (séð úr öruggri fjarlægð) þótti sumu fólki vera sjaldgæf upplifun af hinu háleita. Það er mikilvægt að hafa í huga að enda þótt hið háleita gefi „Hinn“ til kynna nær þetta landslag frá því að vera ógreiðfært hálandi til þess að vera kunnuglegri svæði fyrir flesta Íslendinga.

Að lokum vonast ég til þess að hafa, með því að svara bæði sögulegu rökun-um og sjálfhverfurökunum, sýnt fram á að hið háleita er langt frá því að vera úrelt tegund af fagurfræðilegu gildi, heldur hefur það hlutverki að gegna í dag, með því að afmarka sérstakt og þýðingarmikið form fagurfræðilegrar náttúruskynjunar. Þannig má vonast til þess að fagurfræðileg reynsla af hinu háleita myndi samband sem sé í senn fagurfræðilegt og siðferðislegt og sem geti lagt grunninn að aukinni umhyggju manna fyrir náttúrunni.

<sup>1</sup> Mothersill, Mary, *Beauty Restored*, New York: Clarendon Press, 1985.

<sup>2</sup> Á meðal víðameiri rita um hið háleita má nefna Paul Crowther, *The Kantian Sublime: From Morality to Art*, Oxford: Clarendon Press, 1989; Frances Ferguson, *Solitude and the Sublime*, New York: Routledge, 1992; Kirk Pillow, *Sublime Understanding: Aesthetic Reflection in Kant and Hegel*, Cambridge: MIT Press 2000; James Kirwan, *Sublimity*, New York og London: Routledge, 2005.

<sup>3</sup> Burke, Edmund, *A Philosophical Enquiry into the Origin of our Ideas of the Sublime and Beautiful*, ritstj. Adam Phillips, Oxford, [1757] 1990, bls. 53.

<sup>4</sup> Um þetta atriði greinir ritskýrendur á. Ég fylgi hér Paul Guyer að máli sem telur Kant alfarir lást við náttúruna. Sjá nmgr. 6.

<sup>5</sup> Þessi aðgreining kemur fyrst fram hjá Francis Hutcheson. Sjá Kirwan, *Sublimity*.

<sup>6</sup> Sjá Marjorie Hope Nicholson, *Mountain Gloom and Mountain Glory: The Development of Aesthetics of the Infinite*, New York: Norton, 1959; Roderick Nash, *Wilderness and the American Mind*, end. útg., New Haven og London: Yale University Press, 1967; Max Dehlschlaeger, *The Idea of Wilderness*, New Haven: Yale University Press, 1991.

<sup>7</sup> *Gagnrni dómgreindarinnar*, §23, 5:245. Allar tilvísanir í *Gagnrni dómgreindarinnar* vísa til Nuta, bindis og blaðsíðunúmers þýsku akademísku útgáfunnar, *Kants gesammelte Schriften*, útg. Kgl. preussneska vísindaakademían, Berlin, Georg Reimer/Walter de Gruyter: 1900–.

<sup>8</sup> *Gagnrni dómgreindarinnar*, §25, 5:257. Frekari ummæli Kants um að óviðeigandi sé að allta náttúruna vera háleita má finna í §28, 5:264 og §30, 5:280.

<sup>9</sup> Hitt, C. „Toward an Ecological Sublime“, *New Literary History*, 30:3, 1999, bls. 4.

<sup>10</sup> William Wordsworth, „The Prelude“ Book I, Wordsworth's Poetical Works, 3. bindi, ritstj. William Knight, 1896, www.gutenberg.org, skoðað 26.10. 2007.

<sup>11</sup> Hepburn, R.W., „Landscape and Metaphysical Imagination“, *EV*, 5, 1996, bls. 201.

<sup>12</sup> Ronald Hepburn, „The Concept of the Sublime: Has it Any Relevance for Philosophy Today?“, *Dialectics and Humanism* 1–2, 1988, bls. 143.

<sup>13</sup> Hepburn, „Nature Humanised: Nature Respected“, *Environmental Values*, 7 (1998), bls. 277.

<sup>14</sup> Sjá umfjöllun Sigríðar Þorgeirsdóttur um íslenskt landslag og framandleika náttúrunnar í: *Nature's Wholeness and Nature's Otherness: Aesthetical Aspects of Sustainability?*, ritstj. C.H. Grenholm og N. Kamergrauzis, *Sustainable Development and Global Ethics*. Uppsala Studies in Social Ethics, 33, Uppsala: Acta Universitatis Upsaliensis, 2007, bls. 51–64.

<sup>15</sup> Cronon, W. „The Trouble with Wilderness; or, Getting Back to the Wrong Kind of Nature“, *Uncommon Ground: Rethinking the Human Place in Nature*, ritstj. W. Cronon, New York, 1996.

<sup>16</sup> Sjá t.d. athugasemdir Kate Soper í „Looking at Landscape“, *Capitalism, Nature, Socialism*, 12:2, júní 2001, bls. 134. Hitt vitnar í ýms dæmi úr bókmenntaumfjöllun og fémínískra gagnrýnendur. Sjá Hitt, bls. 1. Aðrir höfundar innan fémínískrar heimspeki og fémínískrar bókmenntafræði telja hið háleita standa fyrir karlkyns vald, sjá t.d. Battersby C., *Gender and Genius*, Indiana University Press, 1990.

<sup>17</sup> Brady, E., „Reassessing Aesthetics Appreciation of Nature in the Kantian Sublime“, óútgefið, 2007.

<sup>18</sup> Ýmsir höfundar vekja máls á þessari tvískiptingu, þ. á m. Hepburn (1998) og Hitt.

<sup>19</sup> Sjá Hepburn, R.W., „Contemporary Aesthetics and the Neglect of Natural Beauty“, *Wonder and Other Essays*, Edinburgh: Edinburgh University Press, 1984, upphaflega gefið út í ritstj. Bernard Williams og Alan Montefiore, *British Analytical Philosophy*, London: Routledge and Kegan Paul, 1966; Berleant, A., *Aesthetics of Environment*, Philadelphia: Temple University Press, 1992; Carlson, A., *Aesthetics and the Environment*, New York: Routledge and Kegan Paul, 2000; Brady, E., *Aesthetics of the Natural Environment*, Edinburgh: Edinburgh University Press, 2003.

<sup>20</sup> Lyotard, J.-F., „The Sublime and the Avant-Garde“, ritstj. Benjamin, A., *The Lyotard Reader*, Oxford: Blackwell, 1989, bls. 199.

<sup>21</sup> Innan umhverfisfagurfræði eru þessar hugmyndir skyldar „afmíðaðri fagurfræði“ Stan Godlovitch. Sjá eftir hann „Icebreakers: Environmentalism and Natural Aesthetics“, *Journal of Applied Philosophy*, 11:1, 1994, bls. 26.

<sup>22</sup> Sjá Lyotard, J.-F., „The Communication of Sublime Feeling“, *Lessons of the Analytic of the Sublime*, þýð. Elizabeth Rottenberg, Stanford University Press, 1994, endurprentað í ritstj. Droma, K. Og Williams, J. *Lyotard Reader and Guide*, Edinburgh: Edinburgh University Press, 2006, bls. 260.



Spessi, *Location*, 2005











# The Sublime and Contemporary Aesthetics

## The Neglect of the Sublime

Beauty is now back on the philosophical agenda. Is such a future possible for the sublime – does it have any relevance to contemporary aesthetics? Yes, I believe it does, but probably not on the scale of beauty, given the ubiquity of beauty, its role in historical debates and its recent revival. I'll argue here that the sublime is indeed relevant to contemporary aesthetics, but that its relevance is tied, in particular, to debates in environmental aesthetics and environmental philosophy more generally.

Why is the concept neglected, despite its continued importance in other fields such as literature and art theory? Well, presumably because the sublime is a concept considered of little relevance to current debates. Mary Mothersill's *Beauty Restored*<sup>1</sup> is usually credited with reviving discussions of another concept, beauty which, historically, was central to aesthetic theory and was usually set in contrast to the sublime.

Academic study of the sublime is vast, crossing disciplines such as philosophy, literature, critical and cultural theory, art theory, architecture, and no doubt other disciplines as well. My discussion is confined to philosophical aesthetics and issues that are especially relevant within that context.<sup>2</sup> I consider two different arguments for the neglect of the sublime: (1) the historical argument and (2) the egotistical argument. I'll consider each in turn, followed by replies. By the conclusion of this essay, I also show how Icelandic environments offer an interesting case of the contemporary sublime, and why the sublime is a useful category of aesthetic value for interpreting them.

## The Historical Argument

The historical argument draws on historical reasons why the sublime has been neglected and argues that it is essentially an outmoded concept. Before addressing some of these reasons, it is worth giving a brief history of the concept. The first treatise on the sublime, *On the Sublime*, is now generally attributed to Longinus, the first century Greek critic. Influenced by classical discussions of rhetoric, including Aristotle's, Longinus articulated the sublime as a literary style. The treatise was apparently rediscovered in the sixteenth century, and its translation into English and French in the 17th century was pivotal for its reception by eighteenth century literary criticism and aesthetic theory.

Philosophical discussion of the sublime reached a pinnacle in the 18th century, when it was unusual *not* to include it in theories of taste. Contemporary aestheticians are most familiar with Edmund Burke's and Kant's theories of the sublime, but there is significant work on the topic by others, such as Addison, Alison, Herder, and Mendelssohn. In Burke's empirical approach, the sublime is attributed to objects that are great, power-

**Emily Brady**

Lecturer in Philosophy and Cultural Geography  
at the University of Edinburgh in Scotland

ful, vast, infinite, rugged, dark, gloomy, massive, and even to loud sounds, bitter smells and stenches. Our feeling of the sublime is an immediately delightful feeling of terror in response to something dangerous which is distant enough not to cause actual pain. We are completely overwhelmed by sublime objects: 'the mind is so entirely filled with its object, that it cannot entertain any other, nor by consequence reason on that object which employs it.'<sup>3</sup> Burke and, later, Kant argue that the sublime response may only occur if the spectator experiences the sublime object first-hand, and when situated in a safe position relative to it.

Kant's mature theory of the sublime, as it appears in the *Critique of the Power of Judgment* (1790) was influenced by Burke and earlier theories. However, Kant develops the concept through his critical and transcendental philosophy, and his account is distinctive for its focus on nature.<sup>4</sup> Kant distinguishes between the 'mathematically sublime', where the senses and imagination are pushed to the very limits of their powers when confronted by the seemingly infinite magnitude of nature, such as high mountains or the night sky, and the 'dynamically sublime', where the awesome power and threat of nature evokes anxious pleasure and calls forth an awareness of our distinctive capacities as moral beings, namely, freedom and the power of reason.<sup>5</sup> We feel insignificant and powerless in comparison to the mightiness of nature, yet ultimately we judge ourselves rather than objects sublime as we discover our own capacity to measure ourselves against nature.

While the sublime was then taken up in Romantic poetry and literature and in some later philosophical discussions, it has since not featured as a *major* category of aesthetic value. The historical reasons for this are no doubt myriad and complex, and I shall address only a few of them, and those rather speculatively. These reasons are tied to shifts in both the empirical and theoretical bases of the sublime. The early development of the concept from its literary to natural treatment, and subsequent celebration by the Romantics, meant that the sublime became deeply associated with natural objects and phenomena. Moves away from realistic or naturalistic art and towards the expressive and avant-garde led to diminished philosophical interest in aesthetics of nature, including the sublime. The sublime has also been of less interest in art until recently, where it has enjoyed resurgence among artists and philosophers, such as Barnett Newman and Jean-Francois Lyotard.

Alongside shifts in aesthetic theory and the arts lie key changes in aesthetic experiences and landscape tastes. Much has been written about how changes in landscape tastes made appreciation of the sublime possible in the first place, where fear and hatred of mountains, deserts and other wild places was replaced with admiration and reverence.<sup>6</sup> These changes in taste were made possible by a number of economic, social, religious and technological factors that enabled people to have direct, relatively safe access to such places. Theories of the sublime emerged in line with these changes,

where many people – typically the elite – were in a position to appreciate nature rather than simply fear it or view it as coarse and evil.

